

214. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

16. apríl 2012, kl. 10:30 á Austurvegi 56.

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Guðmundur I. Gunnlaugsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Aldís Hafsteinsdóttir boðaði forföll.

- 1. Kynning á möguleikum samstarfs / sameiningar SOS / SORPU.**
Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri kynntu stöðu mála í viðræðum SORPU bs. og SOS bs. um aukið samstarf eða sameiningu. Lögð fram drög að viljayfirlýsingu byggðarsamlaganna um sameiningu ásamt greinargerð um kosti og galla sameiningar eða framlengingu á nógildandi samningi. Stjórn felur stjórnarformanni, varaformanni og framkvæmdastjóra að kynna drögin fyrir aðildarsveitarfélögum SOS á kynningarfundum sem áformaður er 10. maí kl 17:00.
- 2. Framahald samstarfs SOS / SOR.**
Rætt um samstarf SOS og SOR varðandi úrlausnir í úrgangsmálum.
- 3. Tölvupóstur SORPU, dags. 16. mars 2012 – staðarval urðunarstaða.**
SORPA óskar eftir samstarfi um uppfærslu á staðarvalshugmyndum fyrir urðun úrgangs. Stjórn SOS samþykkir að taka þátt í verkefninu sem verður stjórnað af samráðsnefnd sorpsamlaganna. Jafnframt leggur stjórn SOS til að tekin verði inn í vinnuna gögn SOS sem unnin hafa verið síðustu ár.
- 4. Frumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs.**
Stjórn SOS tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem gerðar eru verulegar athugasemdir við frumvarpsdrögin og þess óskað að málinu verði gefin sá tími sem þarf til að koma frumvarpinu í ásættanlegan búning í sátt við sveitarfélögin.
- 5. Bréf dags. 12. mars 2012 til Samkeppniseftirlitsins vegna erindis Gámaþjónustunnar.**
Lagt fram.
- 6. Ársreikningur 2011.**
Ársreikningur SOS fyrir 2011 lagður fram og samþykktur að hálfu stjórnar. Tekjur á árinu voru 91.113 þúsund kr, rekstrargjöld voru 111.651 þúsund, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 3.457 þúsund, niðurfærsla hlutfjár Förgunar og gjaldfærður stofnkostnaður umhleðslustöðvar samtals 25.312 þúsund. Tap ársins var 42.393 þúsund krónur.
- 7. Náttúran.is – miðlun upplýsinga um endurvinnslumöguleika.**
Náttúran.is er að þróa app og endurvinnslukort sem er ætlað að vera yfirlit yfir endurvinnslumöguleika sem fólki stendur til boða.

Stjórn SOS samþykkir að greiða 250.000 kr. vegna birtingar á upplýsingum um losunarmöguleika endurvinnanlegs úrgangs.

8. Fundargerð verkefnisstjórnar sambandsins frá 22. mars 2012.

Lögð fram.

9. Fundargerð samráðsnefndar frá 24. janúar 2012.

Lögð fram.

10. Eftirlitsskýrsla UST frá 23.11 2011.

Lögð fram. Framkvæmdastjóra falið að senda UST áætlun um mælingar grunnvatns og hauggass.

11. Önnur mál.

a. Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingarmál frá 23. mars 2012.

Lagt fram.

b. Vettvangsferð stjórnar.

Framkvæmdarstjóra falið að skipuleggja í maí, heimsóknir í sláturhús, kjötvinnslur og Orkugerðina.

Næsti fundur verður í aðdraganda fyrirbyggjandi kynningarfundar.